

Reykjavík, 08.11.2012  
JSF/BB

Umhverfis- og samgöngunefnd  
Viðtakandi: Hildur Eva Sigurðardóttir  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

### **Efni: Rammaáætlun - Upplýsingar um virkjun Hverahlíðar**

Með tölvupósti dagsettum 5. nóvember síðastliðinn, óskaði umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis eftir upplýsingum frá Orkuveitu Reykjavíkur um virkjunarframkvæmdir í Hverahlíð, hver staða framkvæmda sé, hvort þær séu hafnar og ef ekki þá ástæður þess og hvenær áætlað er að þær geti hafist.

Í stuttu máli sagt þá eru framkvæmdir ekki hafnar við Hverahlíðarvirkjun, umfram þær boranir sem fram hafa farið á svæðinu á árunum 2006-2009. Meginástæða þess að framkvæmdir eru ekki hafnar er þrjúþætt, fjárhagsstaða Orkuveitu Reykjavíkur leyfir ekki fjárfestingar af þessari stærðargráðu, ekki liggur fyrir fyrirvaralaus orkusölusamningur á orkunni frá virkjuninni og breyta þarf aðalskipulagi Sveitarfélagsins Ölfuss. Aðalskipulagsbreytingin er nauðsynleg þar sem við boranir kom í ljós að jarðhitageymirinn liggur mun sunnar en ráð var fyrir gert og því þarf að færa iðnaðarsvæði í aðalskipulagi til samræmis.

Orkuveita Reykjavíkur hefur unnið að því að ryðja úr vegi áðurnefndum hindrunum. Vegna fjárhagsstöðu fyrirtækisins hefur stjórn Orkuveitu Reykjavíkur heimilað forstjóra að hefja viðræður við lífeyrissjóðina um stofnun félags um byggingu og rekstur Hverahlíðarvirkjunar, sem yrði í meirihlutaeigu lífeyrissjóðanna. Þá eru einnig viðræður í gangi við orkukaupanda um möguleika til að aflétta fyrirvörum orkusölusamningsins, en stærsti þröskuldurinn í þeim viðræðum er orkuverð.

Einnig er rétt að benda á að vandamál af tvennum toga í rekstri Hellisheiðarvirkjunar hafa komist í brennidepil undanfarið. Annars vegar eru það jarðskjálftar í tengslum við niðurdælingu vatns í jarðhitageyminn og losun brennisteinsvetnis í andrúmsloftið hins vegar. Mikilvægt er að viðunandi lausn finnist á báðum þessum málum áður en ákvörðun verður tekin um byggingu Hverahlíðarvirkjunar.

Áætlað er að framkvæmdir geti hafist í kjölfar þess að verkefnið verði fjármagnað, að fyrirvaralaus orkusölusamningur liggja fyrir og að fengnum nauðsynlegum heimildum, þ.m.t. breytingu á aðalskipulagi.

Virðingarfyllt,



Bjarni Bjarnason,  
forstjóri